

## Bekkjarnámskrá 9. bekkjar veturinn 2021 - 2022

**Umsjónarkennarar:** Jón Hálfván Pétursson og Pálína Jóhannsdóttir

### Námstilhögun og

**kennsluaðstæður:** Í níunda bekk eru 29 nemendur. Kennt er í stofum 201 og 208. Einn kennari kennir í hverri grein. 1 stuðningsfulltrúi er í árganginum.

### Námsmat:

Það er símat í öllum námsgreinum.

Ástundun, vinnubrögð, verkefni, vinnubækur, kannanir og próf eru metin til einkunna eftir námsmatskvarðanum A, B+, B, C+, C, D. Nemendur og foreldrar geta fylgst með framvindu námsins á [www.mentor.is](http://www.mentor.is)

## Íslenska

### Kennslustundir eru 5 á viku

**Kennarar:** Bergljót Halldórsdóttir og Guðlaugur Viðar Valdimarsson

**Markmið:** Stefnt skal að því að nemendur nái góðu valdi á notkun móðurmálsins og öðlist skilning á gildi þess. Nemendur þekki orðflokkana, geti greint ýmis málfræðiatríði, þekki og geti unnið með bókmenntahugtök. Áhersla lögð á að auka lestraráhuga nemenda og lesskilning. Lögð verður einnig áhersla á ritun.

**Námsþættir:** Málfræði, bókmenntir, ritun og stafsetning, tjáning, lestu, lesskilningur og orðaforði.

**Námsefni:** Bókin Neistar verður lögð til grundvallar í íslenskukennslunni.

Bókmenntir: eftirtaldar bækur verða lesnar: Undur, Kjalnesingasaga, Strákurinn í röndóttu náttfötunum og Rómeó og Júlía.

Lestexta: valdir verða lestextar af ýmsu tagi til aflestrar og umræðu.

**Málfræði:** Málið í mark-sagnorð og Málfinnur.

**Ritun:** Lögð verður áhersla á fjölbreytt verkefni, uppsetningu og skipulag.

**Námsmat:** Símat. Verkefni, vinna og vinnubók metin til einkunnar.

9. bekkur tekur þátt í þemaverkefnum skólans, lestrarlotum o.þ.h.

**Stærðfræði**  
**Kennslustundir eru 6 á viku**

- Kennarar:** Jón Hálfván Pétursson, Katrín Sif Kristbjörnsdóttir og Bryndís Bjarnason (sérkennari)
- Markmið:** Að nemendur nái það góðum tókum á aðferðum og hugtökum stærðfræðinnar að það nýtist þeim í daglegu lífi og áframhaldandi námi.
- Námsefni:** Skali 2A, nemendahefti og æfingahefti og Skali 2B, nemendahefti og æfingahefti. Einnig er notast við Almenn stærðfræði I og II —Stærðfræði 8-10+, þrautir og annað viðbótarefni Útikennsla.
- Heimavinna:** Ekki er gert ráð fyrir mikilli heimavinnu, eingöngu að ljúka við efni kennslustundarinnar. Heimavinnuáætlun er inni á Mentor.
- Námsmat:** Símat (kaflapróf, verkefni og vinnubók)

**Enska**  
**Kennslustundir eru 4 á viku**

- Kennari:** Bergljót Halldórsdóttir og Salome Elín Ingólfssdóttir
- Markmið:** Að auka færni nemenda í að skilja mælt mál og ritað og tjá sig á því, bæði munnlega og skriflega. Áhersla er lögð á aukna þekkingu í málfræði og aukinn orðaforða og ritun. Að gefa nemendum innsýn í menningu og síði enskumælandi þjóða. Að nemandi sé meðvitaður um eigin ábyrgð á árangri og framförum í námi.
- Námsefni:** Spotlight 9 lesbók, vinnubók og hlustunarefni. IPad er notuð í tengslum við námsefnið. Ýmsar lestrabækur og ritun. Ýmis konar viðbótarefni s.s. myndbönd, verkefni og þemaverkefni meðal annars tengd viðfangsefnum í Spotlight 9. Rafræn orðabók á snara.is
- Námsmat:** Símat – vinnubrögð, próf, ritun, verkefnaskil, kannanir

**Danska**  
**Kennslustundir eru 4 á viku**

**Kennari:** Kristín Ólafsdóttir og Pálína Jóhannsdóttir.

**Markmið:** Að nemendur geti lesið og skilið texta almenns eðlis á dönsku. Þeir geti tjáð sig munnlega og skriflega á einföldu máli og kunni skil á helstu atriðum danskrar málfræði.

**Námsefni:**

Dejlige Danmark: lesbók, vinnubók og hlustunarefni. Tak lesbók og vinnubók. Ýmis þemaverkefni sum tengd námsbókunum önnur ekki. Islex.is rafræn orðabók. Ýmsar danskar myndir og þættir, hringekjuverkefni.

**Námsmat:** Símat: vinnubrögð, verkefnaskil, sagnapróf, kannanir. Öll vinna, verkefni og kannanir eru til grundvallar námsmats.

### Samfélagsfræði

#### Kennslustundir eru þrjá stundir á viku

**Kennari:** Bergljót Halldórsdóttir og Pálína Jóhannsdóttir

**Námstilhögun:** Vetrinum verður tvískipt. Fyrir áramót verður kennd landafræði en eftir áramót saga

### Landafræði

**Námsefni:** *Um víða veröld. Heimsálfur. og Landakortabók. Viðbótarefni frá kennara.*

**Námsþættir:** Heimsálfurnar, gróðurfar og nýting, mannfjöldi og mannréttindi. Landslag, náttúrufar, efnahagur og menning Asíu, Ameríku, Afríku, og Eyjaálfu.

**Námsmat:** Símat. Verkefnavinna og vinnubók metin til einkunnar.

### Saga

**Námsefni:** Styrjaldir og kreppa (saga 20. aldar )

**Námsþættir:** Fyrri heimsstyrjöldin, byltingarhugmyndir og stéttabarátta, rússneska byltingin, heimskreppan, uppgangur nasismans og seinni heimsstyrjöldin.

**Námsmat:** Símat. Verkefni og kannanir af ýmsu tagi metin til einkunnar.

### Náttúrufræði

#### Kennslustundir eru þrjár á viku.

**Kennarar:** Jón Hálfán Pétursson og Pálína Jóhannsdóttir

**Námstilhögun:** Efnafræði er kennd á haustönn og líffræði á vorönn.

## Efnafræði

**Námsefni:** Efnisheimurinn

**Námspættir:** Frumeindakennning, helstu hugtök efnafræðinnar, lotukerfið, verklegar æfingar og skýrslugerð

**Námsmat:** Símat sem byggist á einstaklingsverkefnum, hópverkefnum, verklegum æfingum, skýrslum og kaflaprófum

## Líffræði

**Námsefni:** Mannslíkaminn.

**Námspættir:** Líffærakerfi mannsins, kynheilbrigði, lýðheilsa.

**Námsmat:** Símat sem byggist á einstaklingsverkefnum, hópverkefnum og kaflaprófum

## Lífsleikni

**Ein kennslustund á viku.**

**Kennarar:** Umsjónarkennarar

**Námstilhögun:** Farið verður í gegnum geðorðin 10 m.t.t kennsluefnisins Lagt í vörðuna og nemendum gerð grein fyrir mikilvægi þess að bera ábyrgð á eigin lífi og sinna geðheilsu. Einnig verður farið í mannréttindasáttmála sameinuðu þjóðanna.

**Námsefni:** Geðorðin 10, Lagt í vörðuna, Mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og ýmis verkefni.

## Íþróttir

**Kenndar eru 3 kennslustundir: íþróttir 2 stundir og sund 1 stund**

**Sund 1 stund og íþróttir 2 stundir**

**Kennarar:** Axel Sveinsson og Sigríður Guðjónsdóttir

**Markmið:** Að efla líkamsþroska og heilsu nemenda og vekja hjá þeim áhuga á reglubundinni íþróttaiðkun og líkamsrækt.

**Námstilhögun og kennsluaðstæður:** Árganginum er kennt í 2 hópum í leikfimi, einu sinni í viku tvo tíma í senn. Í sundi eru 2 hópar einu sinni í viku.

**Námsmat:** Prófað er í lok skólaárs í samræmi við námsferil vetrarins, auk þess er mæting, framkoma og virkni metin til einkunnar.

### **Valgreinar:**

Allir nemendur munu stunda nám í svokölluðum kjarna en gefst kostur á að velja aðrar námsgreinar. Þetta fyrirkomulag er eftir forskrift Aðalnámskrár grunnskóla og eykur möguleika nemenda á því að ráða meiru um hvaða námsgreinar þeir leggja stund á.

Í einstökum námsgreinum í frjálsum vali er líklegt að blöndun verði á nemendum í 8. -10. bekk. Mikilvægt er að nemendur vandi val sitt og séu meðvitaðir um inntak þeirra námsgreina sem þeir velja. Mælt er með því að nemendur ræði við þá kennara sem kenna umræddar greinar og afli sér sem besta upplýsinga. Nemendur geta einnig leitað ráða hjá umsjónarkennara sínum og námsráðgjafa ef um einhver vafaatriði er að ræða.

**Val nemenda hefur að sjálfsögðu áhrif á skipulag komandi skólaárs og því verða breytingar á vali ekki mögulegar eftir að skóli hefst á komandi hausti.**

Það skal tekið fram að stundum er ekki hægt að verða við ýtrustu óskum nemenda varðandi valið ef t.d. ekki fæst kennari eða of fáir velja og því verður að skoða hvaða grein getur komið í staðinn.

**Námsgreinar nemenda í 9. bekk munu skiptast í tvennt: kjarnagreinar og frjálst val.**

**Kjarnagreinar** standa saman af íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, samfélagsfræði, náttúrufræði, lífsleikni, sundi og íþróttum.

**Frjálst val** eru þær greinar sem nemandi velur af valblaðinu og þarf hver nemandi að skila sjö stundum á viku í vali sem getur orðið þannig að þær eru fleiri öðru hvoru megin við áramót þar sem sumar valgreinar eru kenndar hálfan veturinn.

| Ísl | stæ | ens | dan | nátt | sam | lífs | íþr | sund | samt | val | samt |
|-----|-----|-----|-----|------|-----|------|-----|------|------|-----|------|
| 6   | 6   | 4   | 4   | 3    | 3   | 1    | 2   | 1    | 30   | 7   | 37   |

Nemendur geta fengið fullt nám við tónlistarskóla og íþróttabjálfun metna sem tvær kennslustundir á viku allan veturinn. Aðeins er hægt að fá hvort metið einu sinni þó verið sé að læra á fleiri hljóðfæri eða æfa fleiri en eina íþrótt.

**Upplýsingar um námsgreinar í boði er hægt að finna á heimasíðu skólans**

[https://grisa.isafjordur.is/ymis\\_skjol/skra/502/](https://grisa.isafjordur.is/ymis_skjol/skra/502/)